

Útdráttur

Hitaveita Suðurnesja var stofnuð árið 1974, af sveitarfélögunum á Suðurnesjum og íslenska ríkinu, með það markmið að nýta jarðhita til heitavatnsframleiðslu sem gæti nýst íbúum á Suðurnesjum til upphitunar húsa sinna. Hitaveitan hefur í gegnum tíðina þróast í að verða alhliða veitufyrirtæki sem nú sér notendum sínum fyrir heitu vatni, köldu neysluvatni og raforku.

Varnarlið bandaríska hersins á Miðnesheiði var mikilvægur viðskiptavinur Hitaveitunnar frá árinu 1980, þar til að það hvarf af landi brott þann 1. október 2006. Tekjur vegna viðskipta Varnarliðsins við Hitaveituna náðu því á árunum 1986-1998 að vera um það bil helmingur allra tekna Hitaveitunnar en á síðustu árum hefur dregið úr hlutfallslegu vægi viðskiptanna og námu þau um 17% af tekjum árið 2006. Orkumarkaðurinn er ekki hefðbundinn samkeppnismarkaður og skiptir sú staðreynd máli þegar rýnt er í hvað geti komið í stað Varnarliðsviðskipta.

Við skoðun var ákveðið að meta virði Hitaveitunnar bæði fyrir og eftir brottför Varnarliðsins með sjóðstreymisaðferð, þar sem brottförin hafði talsverð bein áhrif á frjálst fjárflæði og hagnað fyrirtækisins.

Byggt var á rekstraráætlunum sem gerðar voru af stjórnendum Hitaveitunnar fyrir árin 2006-2013. Ávöxtunarkrafa eigin fjár var ákvörðuð 8,47 % og meðalvextir vaxtaberandi skulda 5,0 % í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar. Matið er verulega næmt fyrir þessum breytum og miklu skiptir fyrir mat á heildarvirðinu, hverjar þær eru.

Virði Hitaveitunnar, ef áframhald hefði orðið á viðskiptunum við Varnarliðið reiknast 28,2 milljarðar króna, en við brottfall þeirra viðskipta reiknaðist virðið 20,4 milljarðar króna. Miðsmunur á virðinu er því 7,8 milljarðar króna. Hér er um verulegan mun að ræða og má því draga þá ályktun að brotthvarf Varnarliðsins hafi haft veruleg áhrif á virði fyrirtækisins.

Fyrirtækið hefur þó brugðist við brottfalli viðskiptanna og styrkt starfsgrundvöll sinn frá því sem áður var, með útrás til nýrra markaðssvæða og aukinni raforkuframleiðslu og sölu til stóriðju. Jafnframt verður að telja líklegt að á næstunni aukist umsvif að nýju á gamla varnarsvæðinu og hafi það í för með sér aukin tækifæri til orkusölu innan þess svæðis í framtíðinni.

Lykilorð:

Virði - Verðmat - Framtíðarsýn – Orkumarkaður - Varnarliðið